

Tilmæli 5/2024
Tillaga A 1949/UKK
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 5/2024

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og telji afgreiðslu tilmæla 5/2024 um kerfi í tengslum við lán á menningardýrgripum á milli norræna stofnana *lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna saman að því að koma á einfaldara verklagi fyrir langtímalán og skipti á skjölum og gripum sem teljast til menningarverðmæta á Norðurlöndum

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar norrænu þekkingar- og menningarnefndinni fyrir tilmælin.

Eins og nefndin tekur fram í þingmannatillögunni er mikið um menningardýrgripi í norrænu löndunum sem eiga uppruna sinn í öðru norrænu landi. Reglurnar um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá lánaða menningardýrgripi til lengri eða styttri tíma eru ákvarðaðar af yfirvöldum eða stofnuninni sem hefur muninn í vörslu sinni. Í sumum tilfellum eru slík lán háð takmörkunum samkvæmt lögum um forminjar.

Undanfarin ár hafa ýmis söfn sýnt aukinn áhuga á að miðla fornri menningarsögu. Í mörgum tilvikum þurfa þau að fá lánuð skjöl og minjar sem staðsett eru í öðru norrænu land. Slík lán eru almennt leyfð fyrir tímabundnar sýningar en hins vegar hefur oft reynst erfitt að gera lánsamninga fyrir langtímasýningar, meðal annars vegna mismunandi krafna og staðla um öryggi og varðveislu.

Þrátt fyrir að fyrirkomulag útlána sé mismunandi í norrænu löndunum gera stofnanirnar sitt besta til að samstarf milli safna gangi sem best. Útlán eru regluleg og alltaf í samræmi við fagleg vinnubrögð og siðareglur safnanna, innlend og alþjóðleg, innan og utan Norðurlanda.



Fagsviðið hefur lýst því yfir að góðar forsendur séu fyrir því að lána skjöl og minjar sem teljast til menningararfs milli norrænu landanna, og tryggja örugga varðveislu þeirra, og að ekki standi miklar áskoranir í vegi fyrir því. Stofnanir landanna hafa ekki heldur lagt til nokkrar breytingar á lögum um lán á menningardýrgripum.

Einstakar stofnanir hafa þó sínar kröfur um öryggi og tryggingu minja sem eru lánaðar, sem getur gert útlánin flóknari. Mismunandi reglur um tryggingar í löndunum, og jafnvel innan landanna, sem og kostnaður í kringum öryggi og tryggingar, geta þannig verið hindrun við tilteknar aðstæður. Það getur verið kostnaðarsamt fyrir svæðisbundin söfn að uppfylla þær öryggiskröfur sem ríkissöfn setja til að geta fengið muni lánaða frá öðrum löndum.

Norræna ráðherranefndin um menningarmál lítur lán á skjölum og minjum sem teljast til menningararfs innan Norðurlanda í framtíðinni jákvæðum augum. Í ljósi framangreindra skilaboða frá fagsviðinu telur nefndin þó ekki að þörf sé á áætlun um lán á menningardýrgripum milli norrænna stofnana að svo stöddu.

Í ljósi þessa telur Norræna ráðherranefndin að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin undirstrikar fyrri skilaboð sín um að þetta málefni varði ekki einungis Noreg og Danmörku, heldur beri að taka það til umfjöllunar á vettvangi norrænna menningarmálaráðherra. Nefndin hefur áður lýst því yfir að tillaga um lausn gæti verið að Norræna ráðherranefndin um menningarmál skoði forsendur fyrir samningi milli norrænu landanna um þau skilyrði sem ættu að gilda um skammtíma- og langtímalán á menningarverðmætum milli þeirra.

Nefndin harmar því að ráðherranefndin telji að ekki sé þörf á áætlun um lán á menningardýrgripum milli norrænna stofnana.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð líti svo á að tilmælin séu að fullu afgreidd.

Reykjavík, 29. október 2024

Lars Mejern Larsson (S)

Per Husted (S)

Catarina Deremar (C)

Lars-Christian Brask (M)

Kirsti Leirtrø (A)

Pinja Perholehto (sd)

Kathrine Kleveland (Sp)

Marko Kilpi (saml)



Noora Fagerström (saml)
Veronika Honkasalo (vänst)
Victoria Tiblom (SD)

Ville Väyrynen (saml)
Joakim Vigelius (saf)
Helge André Njåstad (FrP)